

NORÐURLAND.

Ritstjóri og útgefandi: JÓN STEFANSSON.

19. blað.

Akureyri 19. maí 1917.

XVII. árg.

Völuspá in nýja.

(Brot).

Þá kemur inn ríki
at regindómi
öflugr ofan
sá es öllu ræður.

Ugurlega heljarhríð,
hræðilega sláturförn;
dæmir Guð til dauða lýð, —
Drottinn hvar er nú þin stjórn?

Öllu glatað, engu hlíft,
engin miskunn. Drottinn Guð!
hvar er skjól og hvar er líft? —
hrópar þjóð hver örvingluð.

Fyllast nú þær fornu spár,
Fenris þegar gleypir sól,
meðan foldar megin sjár
Miðgarðsormsins hungur ól?

Á að glatast guðleg trú, —
glatast all sem fyr var kent
þúsund aldir þar til nú,
þúsund gæði, list og ment?

Hvað skal ykkar djöfladans?
Dauðir allir hnígið þið
meðan hrynja í hafsins kvið
hungurmolar smælingjans.

Hver mun þjóða björg og braud
borða þegar tíminn slær,
meðan skolar soltinn sær
sjófarenda lífi og auð?

Er þá miðgarðsormsins gin
yðar Guð og megintraust
yfir tjandmann eins og vin
orgar hafði gridalaust. —

II.

Feigum öldung förlast sýn:
já mér aftur kraft, mín sál,
ljá mér trú svo tungan mín
tali ennþá guðlegt mál! —

Aldrei Guð í hæstri hæð
hærri gaf oss friðar-óð
síðan á Höfudskelja hæð
hrundi saklaust píslarblóð.

Aldrei Guð í hæstri hæð
hefur dýpri speki kent
beint í gegnum blóð og æð:
»bölvan heims er guðlaus ment!«

Aldrei eins frá hæstri hæð
heyrðist drottins stjórnarfar,
að valdafíkn og vopnin skæð,
vis sé leið til glötnar.

Sjálfir rejsa sjálfum sér
sundurþykkir valdhafar
þegar ofsans þróttur þver,
þekkja má Guðs stjórnarfar. —

Hvað er ávölin hér á stord?
hismi, sem á stutta ávöl,
lífið er Guðs eilíft orð,
æðra bíður verkasvið.

Hjörtun upp með heitri bæn;
hugur og sál með nýrri trú!
Enn ris foldin iðjagræn
en þótt blóði gráti nú!

Á uppstigningardag 1917.

Matth. Joch.

Hafliði Guðmundsson, hreppstjóri a Siglufirði

andaðist á heimili sínu 12. í. m. eftir langa og þunga sjúkdómslegu. Hann var fæddur í Reykjavík 2. desbr. 1852 og var faðir hans, Guðmundur Guðmundsson, ættaður af Vatnsleysuströnd, náfrændi Bjarna rektors. Hafliði ólst fyrst upp í Reykjavík, en 14. ára gamall fluttist hann að Hvítárvöllum til bændaskórungsins Andrésar Feldsted og var hjá honum um hríð. Lærði hann þar ýmislegt er að smíði laut, niðursuðu o. fl. en fór svo til Reykjavíkur aftur og var þar unzt hann fluttist til Siglufjarðar árið 1872, tvítugur að aldri. Stundaði hann fyrst niðursuðugerð þar og rak þá atvinnu um 20 ára skeið, en lagði hana á hilluna er önnur störf hlóðust á hann.

Ekki verður saga Siglufjarðar sögð né samín, svo að Hafliða verði þar ekki getið, bæði að mörgu og góðu. Hann kom þangað þegar kaupúnið var í bernzku og allar þær framfarir sem þar hafa orðið síðan, hefir hann stutt meira eða minna. Hann var í hreppsnefndinni um 30 ár og hreppstjóri var hann frá 1893 til dauðadags. Var það oft mikið starf og afar ördugt, því hreppsstjórnin á Siglufirði var um mörg ár lögreglustjóri þar og þurfti oft að skerast í vandasöm mál, er útlendir sjómenn óðu þar uppi með ofstopa og vildu engu eira. Kom þá oft, ekki síst í ljós, hve mikið var í Hafliða spunníð og hve góðum hæfileikum hann var gæddur. Lipurð hans og lægni, samfara festu í lund, var við brugðið enda getur tæplega vinsælli manni en Hafliði var af öllum er kyntust honum.

Hann var áhugamaður um þjóðmál og lét sig þau miklu skífta. Var hann eindreginn Heimastjórnarmaður frá upphafi þess flokks og fylgdust hinir eldri skórungrar Siglufirðinga (séra Bjarni, Helgi læknir o. fl.) þar allir trúlega að málum, enda gætir glögt áhrifa þeirra.

Hafliði kvæntist 9. apríl 1880, Sigríði Pálsdóttur Magnússonar útgerðarmanns í Þeykjavík, hinni mestu sæmdar og atorkukonu. Var heimili þeirra ávalt orðlagt fyrir gestrisni og höfðingshátt í hvívetna og eiga

„Verzlunin Hamburg“

fékk með síðustu skipum:

Munntóbak (Chr. Augustinus) mjótt og gilt.

Munntóbak (Bródr. Braun). Rjóltóbak. Reyktóbak. Vindlar og Cigaretter mjög mikið úrval með góðu verði.

Ennfremur ýmsar aðrar vörur.

Verzlunin Hamburg

Johannes G. V. Þorsteinsson.

hinir mörgu er þar hafa komið fyr og síðar, margs góðs að minnast þaðan. Voru þau hjón mjög samhent í að gera garðinn frægan og vinsælan og höfðu hvort um sig sína kosti til þess. Börn eignuðust þau fimm, sem öll eru nú fulltíða og búsett á Siglufirði: Helgi kaupmaður og útgerðarmaður, Guðmundur afgreiðslumaður, Andrés verzlunarmaður, Kristín kona Halldórs kaupmanns Jónssonar og Ólöf kona Sophusar verzlunarstjóra Blöndal.

Við fráfall Hafliða er mikið skarð orðið fyrir Siglufirðinga og alla er kyntust honum eitthvað og mun hans víða saknað.

Guðmundur Friðjónsson.

Hann er einn af þeim mönnum, sem mest rita í blóð, og einn af þeim sem alt af er skemtilegur að lesa. Manni verður það alt af á að byrja á honum eða lesa eftir hann. Í þetta sinn flutti Ísafold eina hugvekju eftir hann um stjórn og þing. Hvað sem annars má um þá grein segja, þá gæti eg trúað að margir gætu tekið undir með honum með það, að húsbændurnir væru orðnir nógu margir í stjórn landsins. Þó verður varla ætlast til þess með sanngirni, að einn maður, einn ráðherra, hafi næga þekkingu á öllum þeim mörgu og sundurleitu málum, sem stjórnarráðið verður að fjalla um; slíkt væri algerlega ofætlun hverjum manni. Annað mál er, hvort mennirnir þyrftu allir að heita ráðherra, hvort ekki dygði að þeir nefndust skrifstofustjórnar, sem ætlað væri að hafa sérþekkingu á þeim málaflokkum, sem þeim væri trúað fyrir, því þá gætu þeir sömu setið árum saman í sama embættinu og þar af leiðandi auðgast af reynglu og þekkingu í starfi sínu. Aftur á móti er slíkt hæpið, ef að mennirnir heita ráðherra, að þeir sitji lengi að völdum, ettir reynglunni að dæma,

Með „Lagarfoss“ kom:

Gulrófnafræ

F e r g a n.

M a l t e x t r a k t

og ýmislegt fleira.

Akureyrar Apótek.

þar sem ráðherradómur þeirra, að minsta kosti sumra, er líkastur því að kría setjist á stein og dríti þar. En í staðinn fyrir dritslóða kriunnar kemur eftirlaunafúlga ráðherra, og mun flestum vera farið að þykja nóg komið af slíku, fyrir ekki meiri afreksverk en afkastað hefir verið í hált eða eitt ár. En spáum nú góðu, Guðmundur minn! Nú eru þó allir ráðherrarnir þrír, sinn úr hverjum þingflokki, svo enginn þarf annan að öfunda, auk þess allir gamlir og reyndir dugnaðar- og sóma-menn, og veitir síst af slíku nú á tímum. —

Annars ætlaði eg nú að þakka þér, Guðmundur, ekki aðallega fyrir þessa hugvekju þína, heldur fyrir flest eða alt, sem þú hefir skrifað og eg hefi séð. Það er alt af eitthvað holt og hressandi að lesa það, og aldrei skal eg telja eftir þér þennan litla landsþjófsstyrk, sem þú færð, hvort sem þú notar hann til þess að auðga anda þinn eða þá, litlu síður, þótt þú kaupir fyrir hann ristuspáða, til þess að slétta með móa, eða snærissnúru á leðurskóna handa »glókkollunum« þínum, næst þegar þú þarft að útvega þeim á læturna, og jafnvel þótt þú keyptir fyrir eitthvað af honum ísaumsgarn í sessuver handa einhverri tilvonandi tengdadótturinni, þá teldi eg hann til þessa alls velkominn, og honum vel varið, ef þér gæti betur líðið. En blessaður haltu bara áfram að skrifa; þeir eru ekki of margir, sem halda upp á þykku sokkana og skóna, þó þú haldir áfram að gera það.

Laugavatni 28. marz 1917.

Böðvar Magnússon.